

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, mánudaginn 25. maí kl. 09:17, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 774. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hulda Einarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Birkir Ingibjartsson, Ólafur Melsted, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Lilja Grétarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

1. Elliðaárdalur, deiliskipulag

(04.2)

Mál nr. SN190373
Skjalnr. 5813

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárna og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 10. febrúar 2020. Einnig er lögð fram greinargerð Landslags ehf. um forsendur deiliskipulags dags. 10. febrúar 2020, greinargerð Landslags ehf. um stefnumörkun og skilmála dags. 10. febrúar 2020, skýringarmynd Landslags ehf. dags. 10. janúar 2020 og drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að varðveislumati og húsaskrá fyrir Elliðaárdalinn. Einnig er lagður fram tölvupóstur stjórnar Hollvinasamtakanna dags. 19. mars 2020 og bréf Halldórs Páls Gíslasonar f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdals dags. 21. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 16. mars 2020 til og með 18. maí 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Bjarni V. Guðmundsson dags. 18. mars 2020, Vegagerðin dags. 19. mars 2020 og 19. maí 2020, Hörður Guðjónsson f.h. íþróttafélagsins Fylkis dags. 22. apríl 2020, Umhverfisstofnun dags. 22. apríl 2020, Hlín Sverrisdóttir dags. 7. maí 2020, Hestamannafélagið Fákur dags. 12. maí 2020, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 14. maí 2020, Sædís Þorleifsdóttir dags. 17. maí 2020, Gunnar H. Guðmundsson dags. 18. maí 2020, Orkuveita Reykjavíkur dags. 18. maí 2020, Veitur dags. 18. maí 2020, Snorri Gunnarsson dags. 18. maí 2020, Ólafur Haraldsson f.h. Frisbígolffélags Reykjavíkur og Íslenska frisbígolfsambandsins dags. 18. maí 2020, Halldór Páll Gíslason f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins dags. 18. maí 2020, Jósep Valur Guðlaugsson dags. 19. maí 2020 og íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts dags. 19. maí 2020.

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

2. **Kjalarnes, Mógilsá, breyting á deiliskipulagi** (34.2) Mál nr. SN190618 Skjalnr. 10173
Jóhann Einar Jónsson, Laugarnesvegur 60, 105 Reykjavík
590110-0190 Esjustofa ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Jóhanns Einars Jónssonar dags. 17. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar. Í breytingunni felst að byggingarreit A er hliðrað til vesturs vegna legu fornleifa á svæðinu, reitur Þ1 er stækkaður til vesturs svo að reitur A falli allur innan svæðisins eftir færsluna, heimilt byggingarmagn á reit A er aukið og skilmálum um leyfilega þjónustu breytt. Auk þess verða B-rými sem eru ekki inni í heildartölu byggingarmagns og bætt er við ákvæði um að leyfa gististarfsemi á svæðinu, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 10. október 2019 br. 13. janúar 2020. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, skýrsla nr. 195 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. október 2019. Tillagan var auglýst frá 21. nóvember 2019 til og með 6. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Skógræktin dags. 6. janúar 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. janúar 2020.
Leiðrétt bókun frá 1. nóvember 2019, vegna gjaldskrár. Rétt bókun er: Umsækjandi greiði vegna auglýsingar skv. gr. 7.5. , sbr. gr. 12. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.
3. **Súðarvogur 2E-2F, ósk um umsögn vegna starfsleyfis** (01.450.2) Mál nr. SN200214 Skjalnr. 13656
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lögð fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar dags. 7. apríl 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna tilkynningar Olíuverslunar Íslands ehf. dags. 27. mars 2020 um breytta starfsemi og umsóknar dags. 29. mars 2020 um tímabundið starfsleyfi fyrir vörugeymslu Olís að Súðarvogi 2E-2F. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. maí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. maí 2020 samþykkt.
4. **Úlfarsárdalur, Hólmsheiði, Almannadalur, framkvæmdaleyfi** (02.6) Mál nr. SN200303 Skjalnr. 9615
681272-0979 VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
580804-2410 Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík
Lögð fram umsókn VSÓ ráðgjafar dags. 14. maí 2020 ásamt bréfi Landnets hf. dags. 13. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu 132 kV háspennustrengja, Korpulína 1 og Rauðavatnslína 1, á milli tengivirkja Landnets á Korpu og Geithálsi og á milli tengivirkja Landnets við Rauðavatn (Aðveitustöð 12 eða A12) og Geitháls. Einnig er lögð fram framkvæmdalýsing Eflu dags. í maí 2020, teikningasett Eflu hf. dags. í mars 2020, samningur milli Landnets hf. og Reykjavíkurborgar dags. 11. maí 2020 og bréf Landsnets hf dags. 30. apríl 2020 þar sem óskað er eftir heimild landeiganda til lagningar tveggja 132 kV jarðstrengja, KO1 og RV1.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Vesturlandsvegur, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN200276 Skjalnr. 12322
680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 8. maí 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Vesturlandsvegar. Gerðar eru textabreytingar í köflum 5.1, 5.3, 5.4. og 5.5 vegna útfærslu vegarins, samkvæmt uppfærðri greinargerð, skilmálum og umhverfisskýrslu dags. 7. júní 2018 br. 8. maí 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
6. **Bólstaðarhlíð 20, breyting á deiliskipulagi** (01.274.0) Mál nr. SN200109 Skjalnr. 7993

600269-4889 Skóli Ísaks Jónssonar ses., Bólstaðarhlíð 20, 105 Reykjavík
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 12. febrúar 2020 ásamt bréfi dags. 12. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð, Ísaksskóli. Í breytingunni felst að skilgreina byggingarreit fyrir battavöll á lóð sem er 20 x 13 metrar ásamt því að hækka núverandi girðingu á auðausturhorni lóðar, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 12. febrúar 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. apríl 2020 til og með 19. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Hermann Jónasson dags. 17. maí 2020 og Ingibjörg Halldórsdóttir dags. 18. maí 2020.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

7. **Grensásvegur 26, (fsp) stækkun lóðar og stækkun húss** (01.801.2) Mál nr. SN200143
Skjalnr. 13454
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
670314-1890 Cairo ehf., Grensásvegi 26, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn Grímu arkitekta ehf. dags. 28. febrúar 2020 um stækkun lóðarinnar nr. 26 við Grensásveg um 11 m. til norðvesturs, u.þ.b. 250 fm., ásamt stækkun hússins sem felst í að heimilt verði veitt fyrir byggingu einnar hæðar byggingu á svæðinu sem stækkun lóðarinnar nær til, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta ehf. dags. 25. febrúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur eignastofu Reykjavíkurborgar dags. 17. maí 2020 og tölvupóstur Veitna dags. 24. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020 samþykkt.
8. **Eyjarslóð 1, Hólmaslóð 2A - Bæta við 3ju hæðinni** (11.115.02) Mál nr. BN057643
Skjalnr. 5644
601011-0770 Guðlax ehf., Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja inndregna 3. hæð með svölum, þar sem útveggir verða steypdir með timburþaki, á mhl. 01 í húsinu Hólmaslóð 2A, á lóð Eyjarslóð 1.
Samkomulag um byggingarétt á lóðinni, undirritað af meðeigendum, GT 2 ehf. Stækkun 3. hæðar er: 114,3 ferm., 388,1 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Rofabær 32, Árbæjarkirkja, (fsp) uppbygging** (04.360) Mál nr. SN200253
Skjalnr. 9298
660609-1050 BASALT arkitekta ehf., Laugavegi 51, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Sigríðar S. Sigþórsdóttur dags. 27. apríl 2020 um uppbyggingu á lóð nr. 32 við Rofabæ, Árbæjarkirkju, samkvæmt tillögu BASALT arkitekta ehf. dags. 1. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020 samþykkt.
10. **Freyjubrunnur 33, (fsp) svalalokun** Mál nr. SN200281
Skjalnr. 11739
Rúnar Gíslason, Freyjubrunnur 33, 113 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Rúnars Gíslasonar dags. 5. maí 2020 um að loka svölum á húsi á lóð nr. 33 við Freyjubrunn.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Úlfarsbraut 70-72, Breyting v/lokauúttektar** (02.698.502) Mál nr. BN057076
BN050883 Skjalnr. 11693

Heimir Sverrisson, Úlfarsbraut 70, 113 Reykjavík
Gísli Páll Sigurðsson, Úlfarsbraut 72, 113 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN050883, vegna lokaúttektar, þar sem gerð er grein fyrir stöðveggjum við vestur- og norðurhliðar húss á lóð nr. 70-72 við Úlfarsbraut.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. janúar 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. janúar 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 20. janúar 2020.

Samþykki eigenda að liggjandi lóða fylgir erindinu dags. 10. febrúar 2020. Bréf hönnuðar dags. 8. maí 2020 fylgir. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

12. **Hringbraut 116, Bykoreitur, breyting á** (01.138.2) Mál nr. SN190401
deiliskipulagi Skjalnr. 12848
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
490617-1320 Kaldalón hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 11. maí 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þegar brugðist hefur verið við eftirfarandi:
Gera þarf grein fyrir hvernig brugðist er við umsögn vegagerðarinnar þar sem m.a. kemur fram ábending um að merkja veghelgunarsvæði á uppdrátt. Sýna þarf inn- og útakstursleið í bílakjallara á uppdr. 1/3. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020 og uppfærður uppdráttur dags. 27. júní 2019, síðast breytt 21. maí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020 samþykkt.
13. **Breiðagerði 29, (fsp) lengja núverandi kvisti** (01.814.2) Mál nr. SN200290
eða bæta við nýjum Skjalnr. 14276
Anna Samúelsdóttir, Mosabaráð 6, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Önnu Samúelsdóttur dags. 11. maí 2020 um að lengja núverandi kvisti sem eru á þaki á austur- og vesturhlið hússins á lóð nr. 29 við Breiðagerði eða bæta við tveimur nýjum kvistum á þak hússins, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.
14. **Hverfisgata 20, Stækka sólpall og skjólvegg** (11.710.08) Mál nr. BN057646
- veitingastaður sbr. BN056203 Skjalnr. 7199
Jón Carl Friðrik ehf, Hverfisgötu 20, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056203, þannig að sólpallur er stækkaður og gerður skjólveggur úr timbri við norðvestur horn lóðar veitingastaðar í fl. II tegund A í húsi á lóð nr. 20 við Hverfisgötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020.
Samþykki meðeigenda lóðar fylgir erindinu dags. 12. maí 2020. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020.
15. **Kirkjuteigur 9, Breyta áður gerðri íbúð í** (01.360.509) Mál nr. BN057544
séreign Skjalnr. 8061
Birgir Birgisson, Kirkjuteigur 9, 105 Reykjavík

231075-3649 Kristín Fjóla F Birgisdóttir, Kirkjuteigur 9, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til þess að gera áður gerða íbúð að séreign ásamt hluta bílageymslu í húsi nr. 9 við Kirkjuteig.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

16. **Laugarásvegur 21, Bílskýli, útigeymsla,** (13.804.07) Mál nr. BN057649
skyggni o.fl. - Endurnýjun Skjalnr. 13405

Tómas Már Sigurðsson, Laugarásvegur 21, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til þess að reisa bílskýli og útigeymslu við lóðarmörk, skyggni yfir aðalinngang einbýlishúss, ásamt breytingum tengdum endurskipulagningu lóðar, s.s. landmótun, uppsetningu stoðveggja og staðsetningu á heitum potti, bílastæðum ofl. á lóð nr. 21 við Laugarásveg.
Stækkun: 45.4 ferm., 136.2 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.380.4 síðast breytt í ágúst 1971 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Laugarásvegi 15, 17, 17a, 19, 23 og 25 og Kleifarvegi 12 og 14.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

17. **Borgartún 24, (fsp) hönnun byggingar** (01.221.1) Mál nr. SN200240
Skjalnr. 5145

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 24. apríl 2020 um hvort drög að hönnun byggingar samkvæmt aðaluppdráttum THG Arkitekta ehf. ódags. og þrívíddarteikningum dags. 14. apríl 2020 samræmist deiliskipulagi. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2020 samþykkt.

18. **Borgartún 34-36, breyting á deiliskipulagi** (01.232.0) Mál nr. SN200261
Skjalnr. 9191

450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík
410166-0389 Guðmundur Jónasson ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2020 var lögð fram umsókn Björns Skaptasonar dags. 30. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 34-36 við Borgartún. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni, hækkun á nýtingarhlutfalli og fjölgun íbúða um 5 úr 86 í 91, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta ehf. dags. 30. apríl 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.

19. **Grensásvegur 1, (fsp) uppbygging** (01.460.0) Mál nr. SN200267
Skjalnr. 5328

Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 56, 110 Reykjavík
670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Guðmunds Gunnlaugssonar dags. 5. maí 2020 um uppbyggingu á lóð nr. 1 við Grensásveg þar sem fyrirhugað, en fyrirhugað er að byggja ca. 175 íbúðir og skrifstofubyggingu út að Suðurlandsbraut. Einnig er lögð fram kynning/tillöguhefti Rýma arkitekta ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.

20. **Hólmgarður 34, Breytingar á erindi** (01.818.307) Mál nr. BN057602
BN054900 Skjalnr. 8230
620188-1589 Jakobssynir ehf., Gláðheimum 26, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN054900, þannig að á jarðhæð austurhluta verður komið fyrir þremur íbúðum og þremur verslunarbílum, geymslum í bakhúsi, mhl. 04, eru fjölgað úr tíu í sautján auk þess sem mhl. 01 er stækkaður í húsi á lóð nr. 34 við Hólmgarði. Stækkun XX ferm., XX. rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Kvosin, Landsímareitur, (fsp) breyting á** (01.140.4) Mál nr. SN200297
deiliskipulagi Skjalnr. 8321
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 13. maí 2020 ásamt greinargerð dags. 13. maí 2020 um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits sem felst í að heimilt verði að vera með gististað á 3 og 4 hæð hússins að Thorvaldsensstræti 2, stækka og breyta nýtingu á kjallara hússins að Thorvaldsensstræti 6 ásamt því að breyta jarðhæð í eitt alrými fyrir viðburði og veitingarekstur, vera með gististað eða hótélíbúðir á efri hæðum húsanna að Aðalstræti 7 og Vallarstræti 4 og gera sólstofu fyrir setustofu og bar á 5. hæð á þaksvölum Thorvaldsenstrætis 5. Einnig er lagt fram minnisblað Icelandair Group f.h. Icelandair Hotels og Lindarvatns dags. 17. mars 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Sigtún 29, (fsp) stækkun á byggingarreit** Mál nr. SN200305
bílskúrs Skjalnr.
Sigurður Sigurðsson, Sigtún 29, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Sigurðssonar dags. 15. maí 2020 um stækkun á byggingarreit bílskúrs á lóð nr. 29 við Sigtún, samkvæmt skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Stangarholt 4, Bílgeymsla** (01.246.002) Mál nr. BN057607
Skjalnr. 14182
Einar Þór Bjarnason, Sigurhæð 5, 210 Garðabær
Íðunn Lára Ólafsdóttir, Sigurhæð 5, 210 Garðabær
Nói Steinn Einarsson, Stangarholt 4, 105 Reykjavík
Ingunn Eyþórsdóttir, Stangarholt 4, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, sem verður mhl. 02 á lóð nr. 4 við Stangarholt. Stærð: 60,0 ferm., 202,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
24. **Laugardalur - austurhluti, breyting á** (01.39) Mál nr. SN200070
deiliskipulagi vegna smáhýsa Skjalnr. 5451
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Laugardalur - austurhluti" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið

Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 28. janúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Lilju Sigrúnar Jónsdóttur f.h. stjórnar Íbúasamtaka Laugardals dags. 2. apríl 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. *Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 3. júní 2020.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir